

**Nd.**

### **573. Frumvarp til laga**

um stríðsslysaftryggingu íslenskra skipshafna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 553, með þessum breytingum:

15. gr. hljóðar svo:

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist, án þess að til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

16. gr. hljóðar svo:

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja .

Nú eru samningar gerðir milli stéttarféлага útgerðarmanna og stéttarféлага sjómanna um viðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 22. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarféлага, fær hin viðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.